

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Er tákn með tali notað í leikskólum?

Alla Dóra Smith



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Er tákn með tali notað í leikskólum?

Alla Dóra Smith

261055-2609

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Maí 2008

Leiðsögukenari: Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjunkt

Ágrip

Í ritgerðinni er leitast við að svara spurningunni: „Er tákn með tali (TMT) notað í leikskólum?“ Greint er frá könnun sem gerð var meðal leikskólakennara. Einnig er fjallað um máltöku og öryggistilfinningu barna. Skoðað var hvernig og hvort TMT geti nýst öllum börnum og hvort nýbúar hafi gagn af TMT, á meðan börn þeirra aðlagast á leikskólum og menningarsamfélagi í nýju málumhverfi. Helstu niðurstöður eru að TMT er vel þekkt, en notkunin er lítil. Að lokum er athugað hvernig mögulegt gæti verið hægt að setja tjáskiptaaðferðina inn í námsskrá leikskóla og hvernig nota megi hana við miðlun upplýsinga, til dæmis við myndræna framsetningu á daglegu starfi leikskóla.

Formáli

Ritgerð þessi er tileinkuð Gyðu Sigvaldadóttur (1918-2007) leikskólastjóra. Ég var svo lánsöm að hefja störf hjá Gyðu og verða samstarfsmaður hennar í nokkur ár. Þetta samstarf varð að vináttu sem varði á meðan hún lifði eða í hartnær 30 ár. Gyða var merkileg kona. Hún var hláturmild, glöð og skemmtileg. Lífsstarf hennar var vinna með börnum. Hún átti auðvelt með að umgangast börn, hún sá gleðilegu hliðina á því sem börn sögðu og gerðu. Hún bar mikla virðingu fyrir fólki, fyrir málinu og bóklestri, og var ávallt minnug þess hve tungumálið skipar veigamikinn sess í lífi okkar allra. Hún hafði að leiðarljósi hversu mikilvægt það er að börn búi við öryggi og vellíðan því þannig vaxa þau og þroskast best. Hún sagði gjarnan við okkur: „Það þarf að kenna ykkur að hlúa að sálum“. Gyða var einn af þeim bestu kennurum sem ég hef haft.

Það hefur verið lærdómsríkt fyrir mig að kynna mér TMT. Ritgerð þessa hef ég unnið til fullnustu B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við Kennaraháskóla Íslands. Leiðsagnarkennari minn var Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjunkt. Þolinmæði hennar hefur verið óþrjótandi og þakka ég henni að mér tókst að ljúka verkinu. Öðrum sem aðstoðuð mig á einhvern hátt eru einnig færðar þakkir.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Formáli	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
1 Mikilvægi öryggiskenndar	5
1.2 Máltaka barna – málþroski.....	7
1.3 Nám barna - mikilvægi leiksins.....	9
2 Fjölmennning og börn.....	10
2.1 Fjölmennningarlegt samfélag í leikskóla.....	10
2.2 Aðlögun erlendra barna að leikskólanum.....	11
3 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	13
3.1 Tákn með tali.....	14
3.2 Hvað er tákn með tali ?.....	14
3.3 Um táknin.....	15
3.4 Tákn með tali í leikskólanum	17
4 Kynning á könnuninni.....	17
4.1 Aðferð - þátttakendur	17
4.2 Spurningar og svör	18
4.3 Niðurstöður úr könnuninni	18
5 Tákn með tali í dagsins önn	19
5.1 TMT og myndrænt skipulag	20
5.2 Námsgögn	21
6 Samantekt og niðurstöður	22
7 Lokaorð.....	23
Heimildaskrá.....	24
Fylgiskjal.....	26

Inngangur

Að ári mun ég hafa starfað í leikskólum í 30 ár. Á þeim tíma hefur starfssemi þeirra breyst mikið. Með virkri þátttöku kvenna í atvinnulífi og vaxandi hlutfalli menntaðra kvenna, hefur orðið mikil breyting í samfélaginu. Hér áður voru flest börn aðeins hluta úr degi í leikskólum en við þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa dvelja þau nú þar allan daginn. Árið 1999 gaf Menntamálaráðuneytið út fyrstu aðalnámsskrána fyrir leikskóla en þar kemur fram hvaða menntun eigi að veita í leikskólum. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins. Menntun leikskólakennara er nú á háskólastigi. Í Aðalnámsskrá fyrir leikskóla segir meðal annars: „Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.” (Aðalnámsskrá leikskóla, 1999:7). Þannig er leikskólanum skylt að taka vel á móti öllum börnum sem þar eru.

Á síðustu 5-8 árum hefur erlendu vinnuafli fjölgað í landinu. Fjöldi starfa hefur aukist og vinna þau oft fólk frá mörgum löndum. Í samfélaginu hefur þróast svokölluð fjölmennung, og endurspeglast hún í leikskólanum á hverjum tíma. Fjölmennungarlegt leikskólastarf byggir á þeirri sýn að engir tveir eru eins en allir geta verið með á eigin forsendum. Þegar innflytjendum eða nýbúum, sem ég mun kalla svo í þessari ritgerð, fjölgaði í leikskólanum, hóf ég að kynna mér tákni með tali (TMT) tjáskiptaaðferðina. Aðferðin hafði verið kennd í leikskóla sem ég starfaði, vegna drengs sem þurfti á því að halda. Þegar námsdöl hans lauk, hætti notkunin. Ég fylgdist með nýbúum í leik og starfi og leiddi ég hugann að því hvort það gæti reynst þeim vel að læra og nota TMT, sem síðan gæti hjálpað þeim fyrir til að skilja og tala íslensku. Um leið og börnin og foreldrar þeirra geta tjáð sig og átt eðlileg samskipti við starfsfólkið, verða þau örugg og geta nýtt sér leikskólakennsluna betur. Ég vildi leita leiða til að byggja upp hið sterka leikskólabarn, sem hefur góða sjálfsmynd, er hæft í samskiptum og er öruggt í umhverfi sínu. Minnug orða Gyðu, sem áður er getið, sem sagði, að til þess að börnin verði örugg og líði vel verða þau að geta skilið og tjáð sig á íslensku. Tungumál hefur ekki aðeins það hlutverk að miðla upplýsingum eða gera mönnum kleift að spjalla saman; það er ekki síður sá spegill sem fólk speglar sig í, fær staðfestingu á því hvert það er og hvaða hópi það tilheyrir, smáum sem stórum.

Í könnun sem ég gerði meðal leikskólakennara voru þeir meðal annars spurðir: Er tákni með tali notað í leikskólanum sem þú starfar? Ef TMT er almennt talin góð leið til málörvunar og tjáskipta í leikskólastarfi, hvers vegna er hún ekki meira notuð meðal

leikskólakennara? Markverðustu niðurstöðurnar eru þær, að allir þekkja TMT en aðferðin nær ekki fótfestu. Ég fjalla um öryggi barna, málþroskann, leikinn og fjölmeninguna. Ef markviss kennsla er um TMT fyrir verðandi leikskólakennara, eru meiri líkur á að aðferðin verði hluti af daglegu starfi leikskólans.

1 Mikilvægi öryggiskenndar

Það er talið mikilvægt fyrir öryggiskennd barna að þau finni að þau séu velkomin í heiminn. Þau finni fyrir ást, umhyggju og vernd, auk þess sem frumbörfum þeirra um næringu og þrifnað sé sinnt. Barn þarfnast þess að finna að það sé mikilvægt og elskað. Það þarf líka örvun sem það fær þegar fullorðnir tala við það og leiðbeina því og það fær viðfangsefni við sitt hæfi og getu. Ekki er það síður mikilvægt að fullorðnir geri sér það ljóst að börn eru ekki litlir fullorðnir. „Að ekki sé krafist meira af barninu en það geti innt af hendi hverju sinni.” (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal 1995:24-25). Huga þarf vel að börnum og fylgjast vel með að þau vaxi og dafni. Þau eiga rétt á að þeim líði vel í samfélagi við okkur, fullorðna fólkið. Enn leita ég í smiðju til vinkonu minnar, Gyðu, en hún sagði gjarnan við okkur, kennarana sína, að það þyrfti að kenna okkur að hlúa að sálum. „Það vex, sem að er hlúð” (Arna H. Jónsdóttir, 2004:53). Ég hef fylgst með mörgum börnum á mínum starfsferli og veit að orð Gyðu standa enn fyrir sínu:

„Þegar börnin hefja dvöl sína á dagvistarheimilinu verður að leggja megináherslu á að taka þannig á móti þeim, að þau finni sig örugg og stuðla með öllum tiltækum ráðum að því að efla sjálfstraust þeirra og öryggiskennd. Og eitt er víst, að barn sem er haldið ótta og öryggisleysi tekst okkur ekki að láta vinna sér til gleði né þroska. Og mig langar að vekja athygli á því, að þetta eru gjarnan fyrstu kynni barnanna af framandi aðila, og hvernig þau kynni verða getur haft áhrif fyrir allt lífið.“ (Gyða Sigvaldadóttir, 1987, bls. 39).

Í grein í Athöfn tímariti leikskólakennara sem Guðrún Bjarnadóttir aðjunkt við KHÍ skrifaði, kemur fram, að eftir 1980 eða um það leyti er ég hóf störf á leikskóla, hafi umræðan um mikilvægi samskipta milli foreldra og barna fyrir þroska barnsins, orðið almenn. Hún segir að það hafi sýnt sig að barnið þrói smátt og smátt getu sína og reynslu í samskiptum við fólkið sitt. Ef barni gengur vel félagslega þá þroskast það betur, því minna er um samskiptaerfiðleika og ég segi oft að barnið sé búíð að læra að „lesa“ umhverfi sitt, viti hvað hægt sé að gera á hverjum stað. Um er að ræða þann þátt í lífi barnsins sem foreldrar og nánustu ættingjar skipa, en hann er auðvitað barninu mikilvægastur í þroska þess. Guðrún Bjarnadóttir segir: „Seinna koma nán sambönd í leikskóla, í skóla og á milli vina. Það er

mikilvægt að starfsfólk leikskóla, sem barnið myndar bestu tengslin við, geri sér grein fyrir hlutverki sínu og gildi þess fyrir barnið.“(Guðrún Bjarnadóttir 1999:34).

Reynsla mín úr starfi hefur kennt mér að um leið og barnið yfirfærir það traust sem það hefur á foreldrum sínum yfir á okkur, kennarana sína, þá fyrst hefjist námið. Ef barnið, hins vegar, nær ekki að aðlagast starfi leikskólans, það gleymir sér ekki í leik með hinum börnunum og hefur ekki öðlast öryggi, sýnir það oft mikla vanlíðan. Vanlíðan getur komið fram á margvíslegan hátt, meðal annars í neikvæðri hegðun, eins og t.d. að meiða önnur börn, bíta þau eða taka hluti frá þeim. Börn sem þjást af vanlíðan vilja ekki koma í leikskólann og eru grátgjörn. Leikskólakennarinn verður að hjálpa barni sem sýnir þannig hegðun og fylgjast vel með líðan þess og endurskoða aðlögunina að skólanum. Einkenna um vanlíðan verður oft vart hjá börnum þegar þau geta ekki skilið málið og geta ekki tjáð sig. Þau eru ekki tilbúin til að takast á við dagleg verkefni og þar að leiðandi verður ekkert úr námi þeirra. Vanlíðan þeirra er mikil og öryggisþörf þeirra vantar.

1.1 Málrækt

Eins og að framan greinir hafði Gyða Sigvaldadóttir mikil áhrif á sýn mína á leikskólakennarastarfið. Hún hafði þá staðföstu trú að öll börn ættu auðveldara með læra málið og þroskast eðlilega ef þau væru örugg og þeim liði vel. Þessi skoðun er ekkert einsdæmi og endurspeglast m.a. í aðalnámsskrá leikskóla en þar segir:

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál – móðurmálið – tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Tungumálið er snar þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrota. Móðurmál okkar og bókmenntaarfur tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Því ber að leggja áherslu á málrækt; í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. (Aðalnámsskrá leikskóla, (útg. menntamálaráðuneytið 1999), bls. 20).

Gyða lagði áherslu á að við kennararnir töluðum vandað íslenskt mál. Hún tók börnin í málræktartíma og kenndi þeim gamlar íslenskar vísur, þulur og kvæði. Þá voru kvæði eftir Halldór Laxness, *Íslenskt vögguljóð*, og *Maístjarnan* látin fylgja með.

Í leikskólastarfi er mikil áhersla lögð á málörvun. Leikskólakennarar og foreldrar fylgjast vel með máltöku barnanna, og huga að framburði, skilningi, hlustun og tjáningu þeirra. Ef einhver grunur er um seinkaðan málþroska er yfirleitt leitað leiða til hjálpar. Það getur valdið óöryggi að skilja ekki málið eða geta ekki tjáð sig svo aðrir skilji. Þess vegna er

mikilvægt að fylgjast með nýbúum, þar sem meiri líkur eru á að þeir aðlagist betur íslensku samfélagi þegar þeir geta talað og skilið tungumál okkar.

1.2 Máltaka barna – málþroski

Eins og áður er greinir er MÁLTAKA hugtak sem notað er þegar börn tileinka sér móðurmál sitt. Þar er átt við það þegar barn lærir sitt fyrsta mál. Síðar, þegar fólk leggur stund á formlegt tungumálanám, er það tungumál annars máls. Mikill munur er á því að læra erlent tungumál, þegar fólk er orðið fullorðið, eða að læra móðurmál, í æsku. Sjálfkrafa virðast lítil börn ná valdi á móðurmáli sínu, að manni finnst, án mikillar áreynslu. En það er erfiðara eftir því sem fólk er eldra. (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001:1)

Málþroskinn og málið eru rannsökuð með a.m.k. tvenns konar markmið að leiðarljósi. Fyrra markmiðið er að fá fræðilegar upplýsingar um máltöku en seinna markmiðið hefur hagnýtan tilgang. Þegar leitað er eftir fræðilegum upplýsingum er spurt hvernig stendur á því að ung börn geta tileinkað sér jafnflókið táknerfi og málið er á stuttum tíma. Hvað getur máltakan sagt okkur um eðli mannlegs máls og málkunnáttu fólks? Hagnýtari tilgangurinn er svo sá að talmeinafræðingar leggja málþroskapróf fyrir börn sem eru með skertan eða seinkaðan málþroska. „Málþroskapróf eru að mestu leiti byggð á upplýsingum sem málfræðingar hafa aflað með fræðilegum athugunum á máltöku og því hefur færðilega markmiðið einnig hagnýtan tilgang.“ (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001:1).

Eðlileg máltaka barns er að það heyri tungumál talað í umhverfi sínu þegar á ákveðnum aldri. Aldurinn, sem átt er við, er tímabilið frá fæðingu fram að kynþroskaaldri. Barn verður samkvæmt rannsóknum að læra móðurmálið á þessum aldri, annars er ekki mögulegt að kalla það móðurmál. Börn læra móðurmálið á máltökuskeiði næstum því sjálfkrafa, en þegar þau eldast eiga þau erfiðara með að læra málið, sérstaklega ef það er eftir kynþroskaaldurinn. Þá er það málfræðin, sem reynist þeim erfið og stundum næstum því óyfirstíganleg. (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001:2).

Áður en lengra er haldið er áhugavert að kynna sér hvernig máltaka og málþroski þróast hjá börnum. Framburður barns, tjáning, og hlustun hafa mikil áhrif á líf og þroska þess. Máltakan er talin hafa sérstakt gildi fyrir manninn, ekki síst vegna þess að með tilkomu máls er okkur gert kleift að komast í samband við annað fólk. Foreldrar og aðrir sem eru í nánasta umhverfi hafa strax mikil áhrif á hvernig og hversu fljótt börn byrja að tala. Oft er sagt að barn læri mál, sé það fyrir því haft. Börn fara smátt og smátt að tjá sig, láta skoðanir sínar í ljós, hlusta og skilja hið talaða mál og finna að þau geta haft áhrif á þá sem eru nálægt þeim.

„Grundvöllur að máltöku barna er lagður mjög snemma í samskiptum þeirra við sína nánustu. Börnum er eðlislægt að heillast af mannsröddum, andlitum og talandi munnum og varla er búið að klippa á nafnlastrenginn þegar foreldrar byrja að leggja sitt að mörkum og tala við barnungann sinn eins og hann skilji hvert orð.“ (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1993:28).

Strax og barn fæðist byrja foreldrarnir að tala við það. Börn fara fljótt að svara á sinn frumstæða hátt enda er það meðfæddur hæfileiki að gefa frá sér hljóð. Með auknum þroska talfæra og taugakerfis eykst hæfni þeirra til að mynda sífellt fleiri hljóð. Á árum áður var haldið að hlutverk hjals og babls væri að æfa hljóð og hljóðasambönd. Nú er mönnum orðið ljóst að hljóðin sem barn gefur frá sér, áður en það fer að tala, gegna mikilvægu hlutverki, bæði í máltöku og í samskiptum þess við fullorðna. Bent hefur verið á að börn fara að veita umhverfi sínu meiri athygli um leið og þau sofa aðeins styttra. Hinn fullorðni fer að hafa orð á þeim hlutum sem augu barnsins beinast að og nefna þá á nafn. Í Sálfræðibókinni segir Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor að þegar hljóð barns fari að líkjast orðum reynum við strax að tengja þau athöfnum, hlutum og fólki. Börn allra þjóða tengja fyrst saman opnustu hljóðin og þau lokuðustu, segja t.d. „baba“, „mama“ eða annað í svipuðum dúr. Eins og gefur að skilja, reyna allir foreldrar að gæða babl barnsins síns merkingu og túlka það þannig að barnið sé að kalla á þá. Það er því líklega engin tilviljun að orðin sem notuð eru yfir foreldra skuli einmitt vera sett saman úr þessum hljóðum í mörgum tungumálum. Mörgum finnst fátt eins yndislegt og að heyra ungabarn hjala og svara því til baka.

„Umhverfi barnsins hefur mikið að segja í því að börn læri að tala, því án örvunar og fyrirmyndar lærir það ekki að tala. Samt sem áður bendir ýmislegt til að börn fæðist að einhverju leyti undirbúin undir máltökuna og að þau hafi einhverja hugmynd um það hvernig málið er uppbyggt. Það má því segja að þessir hæfileikar, sem taldir eru meðfæddir, vísi veginn í máltökunni. Má best sjá það á því að flest börn fara svipaðan veg í að tileinka sér móðurmál sitt. (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 1996:8-9).

Um eins árs aldur eru börn gjarnan komin með orðaforða upp á eitt, tvö eða þrjú orð, t.d. *mamma*, *bless*, *datt*. Síðan eykst orðaforðinn smám saman. Málþroskinn kemur oft í stökkum. Um tveggja ára aldurinn fara börn yfirleitt að setja saman orð í setningar, tveggja orða setningar til að byrja með. Barn kallar sjálfst sig oftast nafninu sínu og segir t.d.: „Gunna nammi“. Þess vegna er auðveldara að fá barn til að hlusta ef nafn þess er nefnt. Barn spyr stanslaust og hlustar á svörin. Það endurtekur og hermir eftir svarinu aftur og aftur, þar til að það kann það og spyr aftur. Þetta er oft skemmtilegur og gefandi leikur milli fullorðins og

barns. Jákvætt viðmót örvar barnið og flýtir fyrir máltöku en neikvæðni og afskiptaleysi eru heftandi á þessu stigi. Mikilvægt er líka að leiðrétta barn ekki málfræðilega heldur leyfa því að tala eins og það ræður við á hverjum tíma. Barn missir móðinn ef það fær mikla gagnrýni fyrir það sem það segir. Talið er að foreldrar geta best hjálpað barninu sínu með því að endurtaka sjálfir setninguna rétt. Mikilvægt er fyrir börn að fullorðnir setji orð á allar athafnir í dagsins önn, og tali við þau um það sem fyrir augu ber. Þetta er einn af þeim þáttum í málörvuninni, sem lögð er mikil áhersla á við allt starfsfólk í leikskólum. Undirstaða málþroskans er að barn hlusti á hið talaða orð. Mikill einstaklingsmunur er á málþroska, sum börn eru mjög fljót til og virðast nær altalandi tveggja og hálf til þriggja ára en önnur segja vart orð fram að þeim aldri en taka þá oft skjótum framförum.

Um þriggja til fjögurra ára aldur hefur barn náð ágætum tókum á mæltu máli. Orðaforði og áhugi á munnlegri tjáningu fer ört vaxandi. Við fjögurra til fimm ára aldurinn vakna spurningarnar sem dynja allan daginn: *Af hverju, hver, hvað og hvernig?* Stundum spyr barn spurninga sem það veit svarið við. Það fær einnig mikinn áhuga á að segja frá og frásagnargleði og hugmyndaflug er mikið. Oft eiga börn erfitt með að greina á milli ímyndunar og veruleika. Þess vegna eru frásögur þeirra ekki alltaf alveg hárréttar og stundum eiga þau ímyndaða vini. Um fimm ára aldur öðlast börn hæfileika til að skilja og nota flóknari hugtök en áður og athafnir þeirra hafa skýran tilgang.

Flest börn tala mikið og eru fljót að tileinka sér ný orð og orðatiltæki. Þau finna að þau ná æ meira valdi á málinu og hafa mjög gaman af ýmiss konar rími, þulum og bulltextum. Öllum börnum þykir mjög gaman að láta lesa fyrir sig og flest öll börn drekka í sig þann fróðleik sem fylgir lifandi frásögnum. Auk þess hafa þau mikla þörf fyrir að tjá sig um allt sem er í þeirra umhverfi. Því er mikilvægt að leyfa þeim það eins og Gyða Sigvaldadóttir talar um í viðtali sem Arna H. Jónsdóttir (2004) átti við hana: „Eins í matartímum, ég held að þurfi reglulega að hefja það til vegs og virðingar, að segja börnum ekki að þegja, heldur að leyfa að þetta verði svona eðlileg glaðværð og mannleg samskipti.“

1.3 Nám barna - mikilvægi leiksins

Leikurinn er mikilvægasta námstæki barna og í leiknum þroskast þau og læra gífurlega mikið hvert af öðru. Leikur barna er flókið fyrirbæri og hafa fræðimenn gert margar rannsóknir til að öðlast skilning á honum. Engin ein niðurstaða hefur fengist á því hvers vegna börn leika sér eða hvernig leikurinn þróast þrátt að hann hafi verið skoðaður frá ýmsum sjónarhornum. Á árum áður voru það helst Fröbel (1782-1852) Erikson (1896-1980) Piaget (1896-1980), sem fjallað var um í námi fyrir leikskólakennara á Íslandi og höfðu þeir þannig áhrif á

hvernig skipulagt starf í leikskólum var. Á seinni árum hafa leikskólakennarar einnig leitað í smiðju Vygotsky, sem og annara fræðimanna, en hann er nú talinn með helstu sérfræðingum í uppeldis- og sálarfræði. Í fyrirnefndri grein eftir Guðrúnu Bjarnadóttur, aðjunkt, segir að Vygotsky (1886-1934) hafi skoðað nám og þroska barna og hlutverk okkar, fullorðinna í félagslegum samskiptum við barnið. Þessir þættir eru mikilvægir og hafa áhrif á það hvað börn læra. Í samskiptum við önnur börn tileinkar barn sér getu og þróar vitsmunalega hæfni sína. Vygotsky segir í áðurnefndri grein að takmörk séu fyrir því hve langt einstaklingur komist áfram á eigin spýtur í vitsmunaproska. Barn þurfi að taka þátt í vitsmunalegu samspili við fullorðinn, sem er kominn lengra en barnið sjálft.

Eins og fram kom í áðurnefndu viðtali Örnú H. Jónsdóttur við Gyðu Sigvaldadóttur, er eitt af því sem gefur leikjum barna aukið gildi er að börn úr öllum þjóðfélagsstéttum eru saman í leikskólanum. Þá verður það tungutak sem þau læra hvert af öðru miklu auðugra en ella. Þannig er gaman að sjá hvernig börn með ólíkan bakgrunn gleyma sér í leik og kenna hvert öðru (Arna H. Jónsdóttir, 2004:63). Þetta á ekki síður við í dag og má yfirfæra á þær aðstæður sem ríkja í íslenskum leikskólum, nú þar sem börn nýbúa læra leiki og tungumál í samskiptum við hin börnin sem fyrir eru. Það er því mikilvægt að leikskólinn viðurkenni fjölbreytileikann og líti á hann sem kost og tækifæri, líka fyrir íslensku fjölskyldurnar.

Það er alkunna að þeim fjölgar, börnunum sem flytja til landsins, til styttri eða lengri dvalar, með foreldrum sínum og systkinum. Þegar þau byrja í leikskóla eru þau nær undantekningarlaust ekki mælandi á íslenska tungu og foreldrar þeirra ekki heldur og tala aðeins sitt móðurmál. Ég ætla að huga að nýbúabörnum og aðstæðum þeirra í leikskólanum.

2 Fjölmennig og börn

2.1 Fjölmenningarlegt samfélag í leikskóla

Flest börn sem ég hef kennt hafa verið íslensk og talað íslensku. Á seinni árum hafa fleiri börn komið í mína umsjá sem ekki hafa haft íslensku að móðurmáli eða hafa verið tvítyngd eða fjöltyngd. Tvítyngi hefur verið skilgreint sem „færni í að skilja, tala og síðar lesa og skrifa á tveimur tungumálum og búa í tveimur menningarheimum“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000:99). Barn verður tvítyngt um leið og það kemur í annað málumhverfi. Mín reynsla er að þau börn sem búa við fleiri en eitt tungumál og eru í flóknu málumhverfi eru lengur að aðlagast og verða örugg í leikskólanum og hans umhverfi en þau börn sem kunna íslensku.

Leikskólakennarar hafa ekki farið varhluta af þeirri breytingu sem orðin er í samfélaginu með tilkomu fólks af erlendum uppruna. Fólkinu er mikilvægt að læra málið, geta skilið það og geta tjáð sig, þannig að mögulegt sé að eiga sem eðlilegust samskipti og geta þannig smátt og smátt orðið þátttakendur í nýju samfélagi. Í fjölmenningsarsamfélagi eiga sér stað virk samskipti milli innflytjenda og innfæddra. Þar leika og starfa, hlið við hlið, einstaklingar af ólíkum uppruna. Þeir standa jafnfætis, bera gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum og vinna saman, til dæmis í leikskólanum.

Móðurmál er það/þau tungumál sem talað/töluð er af þeirri fjölskyldu sem barn elst upp hjá. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál. Viðbótarmál kallast það/þau tungumál sem barn lærir næst á eftir móðurmáli. Á Íslandi er íslenska annað/þriðja tungumál barna af erlendum uppruna.

2.2 Aðlögun erlendra barna að leikskólanum

Þegar börn nýbúa byrja í leikskóla koma þau í nýtt málumhverfi og byrja strax að læra íslenskuna sem annað mál. Það er einstaklingsbundið hversu fljót þau eru að tileinka sér nýja málið en oftast fara þau í gegnum nokkur skref í þeirri vinnu. Börnin nota oftast bendingar til að gera sig skiljanleg, taka í hönd kennarans og leiða hann að þeim stað sem þeir vilja fara. Flest börn fara í gegnum þögul tímabil. Oft leita þau ekki eftir samskiptum og svara ekki fólkinu í kringum sig. „Talið er að á þögla tímabilinu sé barnið að hlusta á málið í kringum sig og prófa sjálf í huganum.“ (Fríða Bjarney Jónsdóttir, Anna Margrét Þorláksdóttir 2008).

„Góður grunnur í móðurmáli, einu eða tveimur, er undirstaða þess að börn geti tileinkað sér nýtt tungumál á auðveldan og árangursríkan hátt, en börn alast líka upp við mismunandi heimamenningu sem einnig hefur áhrif á máltöku þeirra á nýja tungumálinu.“ (Kolbrún Vigfúsdóttir, 2004:6)

Barn reynir að nota móðurmálið eða heimamálið til að koma af stað samskiptum. Sum börn tala við sjálf sig á meðan á þessu tímabili stendur. Þau byrja að leita eftir samskiptum, herma eftir, tala í símskeytastíl og gera tilraunir með mál. Nauðsynlegt er fyrir kennara og annað starfsfólk að hlusta vel á barnið og fylgjast vel með, hvernig máltakan gengur.

Nokkrir þættir hafa áhrif á það hvernig aðlögun barns að leikskóla gengur. Fyrst ber að hafa í huga hversu lengi barn hefur verið á Íslandi eða hvort um er að ræða fyrsta sinn sem það fer frá foreldrum sínum. Ef kennarinn þekkir vel menningarlegan bakgrunn barns getur hann betur skilið það og sett sig í spor þess. Aðlögunin er auðvitað eins mikilvæg nýbúanum eins og öðrum börnum, hlýja og virðing starfsfólksins við barnið og fjölskyldu þess á fyrstu dögum fjölskyldunnar í leikskólanum skiptir líka miklu máli. Ef barn nær að yfirfæra traust

sitt á kennarann þá líður því vel og getur hafið nám í íslensku. Á Fjölmenningsarvef Reykjavíkurborgar kemur fram hversu mikilvægt það er fyrir barn að foreldrarnir tali móðurmál sitt við það þó að það sé komið í nýtt málumhverfi. Þegar barn byrjar í leikskóla er það jafnvel að heyra íslensku talaða í fyrsta sinn.

„Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja erlenda foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi. Eins þurfa börn og foreldrar líka tækifæri til að ræða saman á móðurmáli sínu um hluti í leikskólaumhverfinu og það kemur í veg fyrir að bil myndist milli heimilis og þess sem barnið upplifir í leikskólanum.“
Reykjavíkurborg (e.d) Fjölmenningsarvefurinn.

Á síðustu árum hefur hlutfall leikskólabarna af erlendum uppruna aukist mikið. Á sama tíma hefur orðið breyting á daglegum dvalartíma. Í leikskólum í nokkrum hverfum Reykjavíkur eru nú 50%-80% barna nýbúar. Í öðrum leikskólum eru nýbúarnir færri en flestir leikskólar eru með börn af erlendum uppruna. Áður voru börn aðeins hluta úr degi og áttu oft íslenskt foreldri eða foreldra og töluðu íslensku eða alla vega skildu hana. Nú eru flest börn 8 tíma eða lengur í leikskólum. Á síðustu árum hafa augu leikskólakennara og annara stjórnenda leikskóla beinst að börnum nýbúa. Vitað er að huga þarf vel að aðlögun þeirra svo þau náí að mynda sterk og góð tengsl inn í leikskólann. Leikskólakennari þarf að kynna sér vel þær aðstæður sem barn kemur úr, reyna að setja sig í spor þess sem hvorki skilur, né talar málið og er jafnvel að fara í fyrsta skipti frá fjölskyldu sinni. Hér þarf að fara fram markviss aðlögun, ekki bara fyrir barnið, einnig fyrir alla fjölskylduna.

„Í leikskólum hefur að litlu eða engu leyti verið tekið tillit til heimamenningsar tvítyngdu barnanna og þau því þurft að skilja hana eftir á leikskólaþröskuldinum og ganga inn í einsleitt umhverfi íslenskrar menningar. Þannig hefur ekki öll persóna barnsins verið viðurkennd í leikskólanum heldur aðeins íslenskur hluti hennar. Það er erfitt fyrir barn að öðlast sterka sjálfsmynd við slík skilyrði.“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000:107).

Þetta var staðan fyrir átta árum. Leikskólar eru betur undir það búnir í dag að taka á móti nýbúum. Umræðan um fólk af erlendum uppruna hefur breyst og um leið hafa komið ný og spennandi verkefni inn í starf skólanna. Mikilvægt er að kennarar fylgist með þroska nýbúabarna, ekki síður en allra hinna. „Til að fylgjast með málþroska fjöltyngdra barna er

nauðsynlegt að fylgjast með framförum hjá þeim í nýja tungumálinu t.d með því að nota og færa það inn á svokölluð matsblöð.“ Má í því sambandi benda á matslitsta sem gefinn hefur verið út með verkefninu *Staða – Framfarir – Framhald. Þróunarverkefni unnið skólaárið 2003-2004*. Skýrsla sem Kolbrún Vigfúsdóttir gerði til að meta málþroska nýbúa. (Kolbrún Vigfúsdóttir 2005).

2.3 Fylgst með framförum

Það er hlutverk leikskólans að kenna nýbúanum íslensku. Til að fylgjast með hvort máltaka barns sé eðlileg þarf kennari að skrá hjá sér samskipti við það og líðan þess og fylgjast vel með hvort barnið tekur þátt í skólastarfinu. Þegar börn læra annað tungumál eru þau að takast á hendur stórt og mikið verkefni. Það er margt sem getur haft áhrif á þetta ferli og er helst að nefna forsendur barnsins sjálfs, foreldra þess og fjölskyldu, félagslegar aðstæður, móðurmálið og hvaðan fjölskyldan kemur, hvort bakgrunnur hennar er líkur okkar eða ekki. „Þannig mætti áfram telja en mikilvægast er að gera sér grein fyrir að allir eru einstakir og allir eiga sér bakgrunn sem er einstakur.“ (Kolbrún Vigfúsdóttir, 2004:7).

Það er ekki hægt að meta það á sama hátt þegar barnið er læra annað mál eins og þegar er um móðurmál að ræða. Það getur tekið barnið lengri tíma að læra nýtt mál og hefur málumhverfið þá mikið að segja. Leikskólakennarar verða líka að fylgjast með barninu og vera í góðu sambandi við fjölskyldu þess varðandi málþroska þess.

Mín reynsla er sú að það þurfi að gefa þarf barninu tíma. Það er mikilvægt að fullvissa sig um að barn og kennari skilji hvort annað. Til að það taki barn og kennara styttri tíma hef ég leitt hugann að óhefðbundnum tjáskiptaleiðum sem þá auðveldað geta barni að tileinka sér nýtt tungumál og kennara að gera sig skiljanlegan. Stundum er talað um að óhefðbundnar tjáskiptaleiðir séu notaðar sem „brú“ að talmálinu eða þar til að barn fer að tala.

3 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Þegar verið er að styðja við nemendur með alvarlega fötlun er mikilvægt að muna þá staðreynd, að fólk á samskipti á mismunandi máta. (Miranda, Pat, 2005). Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hvernig það er að geta ekki tjáð sig án einhverskonar óhefðbundina tjáskiptaleiða. Við erum sjálf svo upptekin af allri tækninni sem nú er í boði að við setjum okkur ekki alltaf í spor þeirra sem eiga í einhverjum erfiðleikum með tjáskipti.

Við vinnu sína notar kennari ýmis tæki og það er talið sjálfsagt að hann geti tileinkað sér alla nýjustu tækni. Gerum okkur í hugarlund hvernig það væri að vera háður takmörkum við aðeins eina eða tvær samskiptaleiðir, í flestum tilfellum. Jafnvel þó að samskipti eigi sér stað myndi það ekki vera mjög áhrifaríkt.“(Miranda,Pat, 2005). Rétt er að átta sig á því, hvað átt er við með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum:

Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir ná yfir allar þær aðferðir, aðrar en talmál, sem eru notaðar á meðvitaðan hátt til tjáskipta. Þessar tjáningaraðferðir eru stundum notaðar til stuðnings málinu eða ófullkomnu tali eða bara einar sér, ef barnið talar ekkert. Það er líka misjafnt frá einu barni til annars hve lengi það þarf á óhefðbundinni tjáskiptaleið að halda. Stundum er það í stuttan tíma og á meðan talmálið er að þróast eða alla ævi. Óhefðbundnum tjáskiptaleiðum er oft skipt í tvo flokka eftir einkennum þeirra og notkunarleiðum. Þessir flokkar eru: hreyfitákn (*e. signs*), sem byggjast á hreyfingu líkamans, s.s. látbragði, svipbrigðum, bendingum og táknum, og benditákn (*e. symbols*), sem geta verið allt frá einföldum hlutum sem bent er á, til flókinna, myndrænna kerfa. (Jóna G.Ingólfsdóttir, 2000 bls. 63).

3.1 Tákn með tali

Það er sú leið í óhefðbundnum tjáskiptaleiðum sem ég mun kynna betur í þessari ritgerð, þar sem mér finnst hún mjög áhugaverð. Ég mun tengja tákn með tali við PCS myndir, sem eru einfaldar myndir, ætlaðar til tjáskipta svo og ljósmyndir.

3.2 Hvað er tákn með tali ?

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð, sem er ætluð heyrandi fólki, bæði börnum og fullorðnum, sem eiga við mál- og talörðugleika að etja. *Tákn með tali* hefur einnig nýst vel börnum með erlent móðurmál, sem eru að aðlagast nýju málumhverfi. Jafnframt hefur *tákn með tali* verið notað í auknum mæli til almennrar málörvunar, fyrir ung börn, bæði hér á landi og erlendis. *Tákn með tali* byggist á því að tákn, látbragð, svipbrigði og bendingar eru notuð á ákveðinn hátt samhliða tali. Tilgangurinn er m.a. að gera málumhverfið skýrara og auðvelda tjáningu. Bætt tjáning hefur jákvæð áhrif á hegðun og líðan og stuðlar að sterkari sjálfsmynd. Misjafnt er hvenær byrjað er að kenna *tákn með tali* en í mörgum tilvikum er það notað með börnum allt frá fæðingu. (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 2008). „Táknin eru notuð samhliða tali og aðeins eru táknuð lykilorð hverrar setningar. Einn aðalkostur aðferðarinnar er að talað er hægar, þannig að barn með slakan málþroska á auðveldara með að skilja.“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2002:22). Um 30 ár eru síðan byrjað var að nota TMT á Íslandi.

Talmeinafræðingur sem starfaði í Kjarvalshúsi, sem var undanfari Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins, kynnti þessa tjáskiptaaðferð fyrir sérkennurum og öðrum talmeinafræðingum og fljótlega eftir það var farið að kenna TMT í Öskjuhlíðarskóla.

Við undirbúninginn að ritgerð þessari varð ég þess áskynja að mikið er til af efni um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og eru tiltækar fjölmargar formlega skráðar heimildir og rannsóknir um hvernig fræðigreinin sem slík hefur þróast. Mikið er til á erlendum tungumálum t.d. er gefið út vísindatímarit um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir *ISAAC*. Þegar betur var að gáð, sá ég að flestir sem skrifað hafa um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, hafa nefnt í greinum sínum, að börn með Downs-heilkenni sem markvisst hafi lært TMT, hafa náð fyrr að tjá sig en önnur sem hafa það ekki. Irene Johannsson prófessor við Háskólann í Karlstad í Svíþjóð hefur rannsakað börn með Downs- heilkenni og sýnt ótvírætt fram á að notkun tákna með tali hefur mjög örvandi áhrif á málþroska slíkra barna, bæði hvað varðar skilning og tjáningu. Hún segir: „Það kemur í ljós að táknumálsnotkunin hefur flýtt talþroska barnanna - þau hafa tekið stórstígum framförum saman borið við önnur börn með Downs-heilkenni sem hafa ekki lært táknumál- þau geta miklu fremur gert sig skiljanleg meðal annars fólks, að því tilskildu að það fólk hafi líka lært táknumál.“ (Johannson, Irene 2000: 72.)

3.3 Um tákningu

„Táknunum er skipt í náttúruleg tákni sem byggjast aðallega á því að athöfn er leikin og eiginleg tákni sem flest eru fengin að láni úr táknumáli heyrnarlausra. Í TMT eru tákningu alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð (áhersluorð) hverrar setningar eru táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barnsins.“ (Björk Alfreðsdóttir, Sigrún Grendal 1998:6)

Fólk hefur auðvitað notað hendurnar lengi til að tjá sig. Margir leggja t.d. áherslu á mál sitt með höndunum og leggja þannig áherslu á það sem þeir segja. Ýmsar handahreyfingar eru vel þekktar eins og táknið fyrir síma, gjörðu svo vel, lítill og stór. Við kinkum kolli þegar við samþykkjum eitthvað og hristum höfuðið þegar við afþökkum eitthvað eða neitum. Ítalir „tala“ með höndunum og fleiri þjóðir gera það líka. Það er vel þekkt að foreldrar byrja að kenna börnum sínum að sýna „hvað þau eru stór“ með því að lyfta annað hvort annarri eða báðum höndum upp í loft. Foreldrar hafa sagt við barnið sitt „á ég að taka þig?“ um leið og þeir bjóða barninu að taka það upp, með því að rétta fram báða handleggji. Þegar foreldrar eru búnir að sýna börnum sínum þetta nokkrum sinnum, og barnið orðið átta til níu mánaða gerir barnið slíkt um leið og það vill láta taka sig upp. Dæmi eru um ungan dreng sem kundi níu

mánaða að sýna hvað hann var sterkur með því að hreyfa boginn handlegginn upp og niður og stúlku sem um tólf mánaða kunni að sýna hvað hún var sæt með því að brosa út að eyrum. Þannig eru flestir foreldrar og uppalendur ómarkvissir að kenna börnum sínum tákni með tali. Barn er fljótt að læra ef allir í umhverfi þess gera tákni um leið og þeir segja eitthvað, og þá lærir barnið það smátt og smátt.

“Það hefur stundum verið foreldrum áhyggjuefni að notkun tákna geti orðið að ávana sem dragi úr möguleikum barns til að ná lengra í að tileinka sér talmál. Reynsla hér á landi, sem annars staðar, sýnir ótvírætt að ekkert er að óttast í þessum efnum. Börn hætta sjálfkrafa að nota tákni þegar þau hafa ekki lengur þörf fyrir þau. Tákni geta þó áfram komið sér vel, t.d. þegar barn lærir ný eða framandi orð eða tekst á við myndun flóknari setninga., (Eyrún Gísladóttir, 2001:55) Í tveimur nýlegum bandarískum bókum, *Baby Sign Language Basics* og *How to talk with your baby before your baby can talk*, kemur einmitt fram hvernig foreldrar geta hjálpað börnum sínum með því að kenna þeim á markvissan hátt náttúruleg tákni.

Erlend dæmi eru um að foreldrar kenni börnum sínum markviss tákni með tali, strax í frumbersku, og telja að börn þeirra verði þá fyrir talandi. Stig af stigi eru barni kennd tákni fyrir einstaka athafnir, eins og að borða, með því að smjatta eða færa hönd að munni, bjóða því að taka það upp með því að rétta því hendur o.s.frv.

“Heyrandi smábörn nota tákni aðeins sem tímabundna leið að tali þeirra og markmiðið er að einfalda þau eins og hægt er fyrir börn og foreldra þeirra. Sýn okkar (foreldranna) hefur ekki verið að kenna heyrandi börnum annað tungumál heldur til að kenna þeim tákni sem þau geta notað auðveldlega fyrir þarfir sínar, hugsanir og tilfinningar þangað til þau geta nefnt þær á nafn., (Acredolo, Linda 2002:5-6).

Þegar hinn fullorðni notar tákni fyrir framan barn einfaldar hann málið og talar hægar. Þannig á barnið auðveldara með að skilja það sem sagt er og tileinka sér það.

„Tákni gefa börnum möguleika til tjáskipta, oft löngu áður en þau læra að tala. Að ná valdi yfir hreyfingum sínum og samhæfingu þeirra er undanfari þess að ná valdi yfir talfærunum.“ (Jóna G. Ingólfssdóttir, vísindavefurinn.sótt 5.apríl 2008.)

Augnsamband myndast milli þeirra sem nota tákni, það er mikilvægt svo að barn læri málið.

„Tákni hjá heyrandi smábörnum snúast um bæta samskipti, skilning og mynda náði samband milli foreldra og barns. Það er sama hvaða tákni þú notar þú ert að opna

heiminn fyrir barninu þínu og um leið opna heim barnsins þíns fyrir þér.“
(Briant, Monta Z. 2004:6).

Þannig hljóta foreldrar að skilja barnið sitt fyrir og betur, og samskipti þeirra verða auðveldari, þau eru fyrir að skilja hvort annað. Oftast tekur talið smám saman við af táknum. Þegar talgeta barns eykst, minnkar þörfin fyrir tákni.

3.4 Tákn með tali í leikskólanum

Eins og að framan greinir verður barn öruggara og því líður betur um leið og það fer að skilja hið talaða mál. Ef barni er sýnt tákni um leið og orðið er sagt verður það mun fljótara að skilja og tengja saman orð og hreyfingu (tákn). Það er vegna þess að tákni eru myndræn eða látbragðið er skiljanlegt.

Samskipti erlendra foreldra og starfsfólks leikskóla hafa oft verið erfiðleikum bundin, vegna tungumálaerfiðleika og óframfærni á báða bóga. Það hefur því lítið verið gert til þess að samræma skoðanir þessara aðila um uppeldi barnanna. Nú eiga leikskólar rétt á kalla til túlka þegar foreldrafundur eru. Áður en sú þjónusta kom til sögunnar höfðu foreldrar stundum haft börnin sín í leikskóla í 3-4 ár en vissu harla lítið um það sem þar fór fram. (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000:107). Því gæti reynst nýbúum, bæði börnum og foreldrum, og ekki síst leikskólakennurum nauðsynlegt að læra og nota TMT sér til hjálpar. Ef kennari og starfsfólk heilsa bæði barni og foreldri með TMT á hverjum morgni og kveðja að kvöldi eru meiri líkur á því að foreldrar læri og skilji hvernig tákni virka og geri TMT að sínum. Þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á að það gæti verið hentugt fyrir börn að læra TMT gerði ég könnun, til að sýna hvernig staðan er í dag.

4 Kynning á könnuninni

4.1 Aðferð - þátttakendur

Könnunin var lögð fyrir 14 starfandi leikskólakennara í jafn mörgum leikskólum hjá Reykjavíkurborg og var hún gerð á fundi þar sem allir voru viðstaddir. Þeir sem tóku þátt í könnuninni eiga það sameiginlegt að hafa langa reynslu í að vinna með börnum, ekki aðeins í leikskólum í Reykjavík, heldur einnig annars staðar. Á þeim leikskólum sem þessir kennarar starfa nú, dvelja samtals um 960 börn, á öllum aldri. Könnunin var nafnlaus og er í fylgiskjali hér að aftan.

4.2 Spurningar og svör

Markmið könnunarinnar var að afla vitneskju um hvort tákni með tali aðferðin væri notuð og hvernig notkun hennar væri háttað. Spurt var í níu liðum.

Spurt var hvort viðkomandi hafði kynnt sér TMT. *Í svörum kemur fram að 13 af 14 leikskólakennurum hafa kynnt sér aðferðina.*

Næst var spurt hvort viðkomandi hafi notað TMT með börnum í leikskóla. *12 svörðuðu jákvætt, 2 neikvætt.*

Spurt var hvort TMT væri nú notað í leikskóla viðkomandi. *5 svörðu játandi, 9 neitandi.*

Þá var spurt hvort TMT væri notuð með öllum börnum. *Þá svörðu 2 játandi en 12 neitandi.*

Spurt var hvort TMT væri notuð við allar daglegar athafnir. *2 svörðu játandi og 12 neitandi.*

Spurt var hvers vegna notkun TMT var hætt. *6 sögðu að það væri vegna þess að barn sem þurfti að nota TMT hætti eða lauk dvöl í leikskólanum og aðeins 1 sagði það ekki vera ástæðuna.*

Þá var spurt hvort það væri vegna þess að barn gat talað án tákna. *2 sögðu að svo væri en aðrir 2 að það væri ekki vegna þess að barnið gat talað án tákna.*

Að lokum var spurt hvort TMT hefði hætt vegna þess að viðkomandi starfsmaður hefði hætt störfum. *Þá kom í ljós að svo var ekki en aðeins 3 merktu sérstaklega við það og svörðu þeirri spurningu þá neitandi.*

4.3 Niðurstöður úr könnuninni

Flestir þeirra sem tóku þátt í könnunni kunna tákni með tali, hafa kynnt sér það og notað (13 af 14). Við athugun á öðrum svörum kemur í ljós að þó leikskólakennarar hafi kynnt TMT og kunni TMT nær aðferðin ekki að vera hluti af námsskrá skólanna. Enfremur kemur í ljós að þegar barn sem hefur þurft á markvissri TMT kennslu að halda hættir í leikskólanum sögðu 6 kennarar að það væri ástæðan fyrir því að hætt var að nota TMT að það væri skýringin. Að fengnum ofangreindum niðurstöðum velti ég því fyrir mér hvernig mögulegt væri að gera notkun TMT markvissari í leikskólastarfinu. Þekkingin er fyrir hendi en það gengur ekki nógu vel að vinna TMT hefð innan leikskólans. Í niðurstöðunum kemur fram að þegar barn sem þurft hefur TMT kennslu lýkur dvöl í leikskóla eða fer að tala málið, þá hættir markvissa kennslan. Af einhverjum orsökum virðist TMT ekki ná að tengjast menningu leikskólanna og

verða hluti af námsskrá hans. Markvisst notkun verður ekki nema að einhver börn þurfi sérstaklega á henni að halda t.d. vegna fötlunar sinnar.

Mín skoðun er að auka þurfi umræðu um hversvegna TMT nýstist öllum börnum. Ekki bara þeim sem þurfa sérstaklega á því að halda vegna fötlunar sinnar heldur líka þeim sem eru nýkomnir til landsins og eru ekki búin að tileinka sér málið Talmeinafærðingar og sérkennarar þyrftu að kynna TMT og kennaranemar þyrftu að eiga þess kost að fá kynningu á aðferðinni í námi sínu. Að mínu mati er TMT skemmtileg viðbót í menningu leikskólans eykur, fjölbreyttni og gerir starfið markvissara og skemmtilegra.

5 Tákni með tali í dagsins önn

Það lærir barnið sem fyrir því er haft „Barn lærir ekki að nota TMT nema það sjái aðra nota tákn.“ (Björk Alfreðsdóttir, Sigrún Grendal, 1998, :11). Þannig er það líka með okkur, fullorðna fólkið. Við lærum að nota TMT ef við sjáum það gert aftur og aftur og við æfum okkur reglulega. Þegar skólastjórnendur ákveða að setja TMT inn námsskrá sína, þarf að hafa átt sér stað ákveðin undirbúningsvinna. Margir talmeinafræðingar og sérkennarar halda námskeið fyrir kennara, og aðstandendur barna svo og starfsmenn bæði grunn- og leikskóla, bæði byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Námskeiðin þurfa að vera markvisst inni í starfi skólanna þannig það þeir kennarar og starfsmenn sem eru að hefja þar störf geti strax lært TMT og tekið þátt í kennslunni. Fullyrða má að ekki er nóg að einungis einn starfsmaður hafi þekkinguna, þeir þurfa helst að vera fleiri, til að kennslan nýtist hópnum. Allir verða að geta tjáð sig á þennan hátt. Hugsanlegt væri að einn kennari á hverri deild leiddi sinn starfsmannahóp og kynnti tákn vikunnar. Til að auðvelda byrjunina er nauðsynlegt að setja markmið fyrir hverja deild sem líklegt er að hægt sé að standa við. Einfaldast getur verið að byrja á táknum sem tengjast því sem gert er í leikskólanum á hverjum degi, eins og t.d. við máltíðir. Sumar athafnir eru endurteknar oft á dag og táknið því líka, ef þess er gætt að nota þau í hvert sinn. Gott er að þjálfun í TMT sé markviss og enginn dagur líði án þess að tákn séu notuð. Allir í skólanum bæði börn og starfsmenn fá sitt sérstaka tákn t.d. sem tengist þeim á persónulegan hátt. Á deildarfundum svo og á starfsmannafundum er gott að táknið sé síðan rifjuð upp og starfsmenn æfi sig í að tala saman með táknum með fyrirfram ákveðnum setningum. Nauðsynlegt að foreldrar fylgist með TMT kennslunni. Þegar foreldri, ásamt leikskólakennara, búa saman til einstaklingsáætlun fyrir barnið, getur kennarinn farið yfir helstu áhersluþætti og sagt foreldri hvernig barninu gengur að tileinka sér þessa kunnáttu. Samvinna við foreldra er afar mikilvæg.

„Hversu vel tekst til með TMT kennsluna og yfirfærslu tákanna í daglega lífi er algjörlega undir kennurum og öðru starfsfólki komið. Starfsfólk er fyrirmynd barnanna í hvernig TMT er notað, frumkvæði og kennsla er algjörlega í þeirra höndum.“ (Björk Alfreðsdóttir, Sigrún Grendal 1998-12). Foreldrar verða líka að vera samtaka í leikskólanum og nota TMT markvisst. En til að gera TMT ennþá markvissara, er sjónrænt dagskipulag líka gott fyrir alla, ekki síst fyrir nýbúabörnin því flestum börnum henta vel sjónrænar ábendingar þegar verið er að gera sér grein fyrir því sem í vændum er. Myndir eru sjónrænar og eins og tákni en eru lengur sýnilegri en þau, og eru því góður stuðningur við þá sem eiga erfitt með skilning af einhverjum orsökum.

5.1 TMT og myndrænt skipulag

„Tákn með tali og sjónrænar ábendingar eru dæmi um aðferðir sem einfalda skilaboð og hjálpa börnum að komast í skilningssamband við umhverfið.“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2002:22). Til að gera kennslu áhrifameiri er mögulegt að nota mynd af þeirri athöfn sem á að framkvæma með því að hafa annað hvort PCS eða ljósmyndir sem eru einfaldar sérstakar myndir, ætlaðar til tjáskipta. Það kallast að hafa myndrænt skipulag. Þá getur barn gengið að vísnum stað innan leikskólans og séð myndir af því sem gera á þann daginn og í hvaða röð það er gert. Þannig má búa til veggspjald á þeim stöðum sem daglegt starf fer fram og getur barnið þá áttað sig á hvaða athöfn eigi að fara þar fram. Þessi sjónræna framsetning er að sjálfsögðu höfð í augnhæð barnsins. Ýmist má nota ljósmyndir eða aðrar lýsandi myndir. Dæmi um myndir sem sérstaklega eru ætlaðar til þessara nota eru s.k. PCS myndir (Picture communication symbols), sem eru sérstakar myndir ætlaðar til tjáskipta. Táknmyndirnar eru oft hafðar með á myndunum fyrir fullorðna fólkið ef þeir hafa gleymt hvernig táknið er gert. En best af öllu er að hafa TMT sjónræn þannig að þeir sem ekki geta skilið málið geti tengt táknið við myndina af atburðinum sem við á sem síðan er sett upp myndrænt þannig að sem flestir, bæði börn, starfsmenn og foreldrar geti séð þau og reynt að tileinka sér smám saman. Fataherbergið er mikilvægur staður í leikskóla. Á töflu eru myndir af fötum og í hvað röð barnið á að fara í þau.

Í mörgum leikskólum er svonefnt valkerfi. Það er byggt upp þannig að kennari ákveður, í samráði við börnin á deildinni, hvaða leikefni eigi að vera á boðstólum í það skiptið. Notuð er mynd af leikefninu og fær barn þannig sjónrænar upplýsingar um hvað því standi til boða varðandi leik þann daginn. Kennarinn notar síðan TMT um leið hann segir nafn barnsins og hann bendir því á að koma til að velja. „Athafnir sem í boði eru, eru táknaðar með myndum.

Þegar nafn barns er nefnt, með tákni stendur það upp og festir nafnspjaldið sitt fyrir neðan mynd sem táknar athöfnina sem það valdi sér.“ (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2002:23).

Þannig er hægt að nota TMT og myndrænt skipulag í öllu leikskólastarfi; við matarborðið, á salernum, í hópastarfi, vinnustundum, frjálsa leiknum og ekki síst í söngstundum. Nota má TMT við öll kvæði, vísur og barnalög. Flestir muna jólalög, sem sungin eru við jólatréð: *Í skóginum stóð kofi einn og Upp'á grænum, grænum himinháum hól*. Einnig má nefna vísur um litina sem mjög auðvelt er að læra og eru meðal fyrstu tákna sem börn tileinka sér.

Í frjálsum leik er auðvelt að nota TMT. Búðar- og heimilisleikir eru heppilegir Barn réttir kennara pott og bæði gera um leið táknið fyrir pott. „En hvar er diskurinn?“ spyr kennarinn. „Og hvað er í matinn?“ Smátt og smátt lærist þetta, og endurteknigin og æfingin er eins og þegar barn er að læra að tala. Æfingin skapar meistarann. Barn þarf að hafa fyrrmynd og sjá táknið notuð í mismunandi samhengi. „Barn notar ekki TMT nema það sjái aðra gera það“. (Björk Alfreðsdóttir, Sigrún Grendal, 1998, bls. 12). Mörgum leikskólum er notað myndrænt dagskipulag í öllu starfi. Í leikskólanum Múlaborg hefur skapast hefð fyrir notkun óheðbundinna tjáskiptaleiða og meðal annars er TMT notað með öllum börnum. Í Múlaborg hefur verið unnið að sameiginlegu uppeldi fatlaðara og ófatlaðra barna.

Ekki nóg fyrir barn að æfa sig í TMT eingöngu í leikskólanum. Barn og kennar þurfa að útbúa saman stuðningsbók í sameiningu. Barn þarf að geta tekið bókina heim og sýnt fjölskyldu sinni táknið og myndirnar.

„Í bókinni eru myndir af þeim athöfnum sem gerðar eru á hverjum degi og táknið látið fylgja með. Orðið yfir athöfnina er síðan sett inn á mynd á íslensku og því tungumáli sem foreldrarnir skilja. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem hægt er að nota fyrir myndrænt form í íslenskukennslu barna með annað tungumál. Saman eru notaðar myndir úr tákni með tali og PCS myndir“ (www.iðavellir.is)

Sú leið að taka stuðningsbókina með heim getur skapað umræðu hjá fjölskyldunni og auðveldar henni að kynna betur því starfi sem fram fer í leikskólanum. Svo leikskóli geti tileinkað sér þessi atriði er nauðsynlegt að vita hvaða námsgögn eru fánleg og hvernig á að nota þau.

5.2 Námsgögn

Til að leikskólakennarar og foreldrar geti kynnt sér notkun TMT þurfa þeir að kynna sér vel hvaða námsgögn eru aðgengileg. Fyrst ber að nefna orðbókina vefinn www.TMT.is

Hugmyndina á Inga V. Einarsdóttir, og sér hún um alla uppsetningu, gagnasöfnun og hönnun vefsins, auk þess sem hún breytir táknum í hreyfimyndir. Vefurinn var tekinn í notkun árið 2002. Hann er talinn mjög aðgengilegur og þar er margt nytsamlegt að finna sem nýtist bæði leikskólakennurum, börnum og svo foreldrum sem vilja kynna sér TMT. Nefna má ýmsar upplýsingar, leiki og fleira, að ógleymdum táknum sjálfum en á vefnum eru myndir af flest öllum táknum. Vefurinn er aðeins á íslensku og nýtist því ekki fólki sem ekki skilur málið.

Námshagnastofnun gaf út bókina *Tákn með tali* eftir Björk Alfreðsdóttir og Sigrúnu Grendal árið 1998 og síðan var hún endurbætt og endurútgefin árið 2005.

Syngjum með táknum eftir Sigurborgu J. Sigurðardóttur kom út 1988 en hún er ófánleg og kemur ekki út aftur.

Tölvuforritið *Tumi og táknin* er tölvuleikur fyrir börn, sem var hannaður af Guðrúnu Eiríksdóttur er hún var við nám í tölvunarfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands. Markmið leiksins er að kenna yngstu kynslóðinni tákn með tali, auka orðaforða og bæta framburð. Leikurinn skiptist í þrjú miserfið stig þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Táknin eru öll gerð með hreyfimyndum og eru tákn í leiknum um 230 talsins. Leikurinn var gerður 2006.

Söngskruddan (1988). Sigríður Kr. Halldórsdóttir og Elísabet Þ. Harðardóttir tóku saman, en hún er ófánleg.

Sunnudagaskólasöngbók, er fánleg og er mikið notuð í barnastarfi í kirkjum landsins. Unnið er að uppfæra hana á TMT vefinn, svo auðvelt verði fyrir kennara og foreldra að nálgast efnið.

Félag áhugafólks um downs heilkenni. Er með vefsíður þar sem útskýrt er hversvegna og hvernig er best að nota TMT með börnum með Downs heilkenni.

Leikskólinn Múlaborg og fleiri leikskólar hafa gefið út söngbækur þar sem allir textar eru með táknum.

6 Samantekt og niðurstöður

Hvers vegna hætta kennarar leikskólans að nota TMT? Reynslan hefur sýnt að það gagnast ekki bara börnum sem eiga við málörðugleika að etja heldur líka heyrandi börnum svo og nýbúum og fjölskyldum þeirra, eins og kemur fram í fyrri hluta þessarar ritgerðarinnar. Til að barni líði vel og það þroskist eðlilega, þarf umhverfi þess að vera öruggt og barnvinsamlegt. Svo lærir barnið mál að það sé fyrir því haft. Það hefur mikil áhrif á málþroska barns að það sé í góðu málumhverfi. Börnin læra mikið hvert af öðru og er leikur talinn mikilvægur í þroska þeirra. Á síðustu árum hefur nýbúum fjölgað í þjóðfélaginu og leikskólanum.

Samfélag okkar er fjölmennningarlegt og hefur margbreytileikinn haft mikil áhrif á leikskólastarfið. Nýbúar kunna ekki og skilja ekki íslensku. Leikskólakennari kann ekki og skilur ekki mál barns nýbúa, hvað er til ráða? Óhefðbundinn tjáskiptaleið er möguleiki. Einnig má tengja saman TMT og myndrænt dagskipulag, þannig að ekki bara börn heldur líka foreldrar geta betur gert sér grein fyrir starfi leikskóla, um leið og þau læra málið. Að lokum er athugað hvernig mögulegt er að setja tjáskiptaaðferðina inn í námsskrá leikskóla og hvernig nota má aðferðina við miðlun upplýsinga, til dæmis myndræna framsetningu á daglegu starfi leikskólans. Í niðurstöðum könnunar sem gerð var kom í ljós að flestir kunna TMT og hafa notað en það virðist ekki ná að öðlast sess í menningu leikskólanna og verða hluti af námsskrá þeirra, nema einhver börn þurfi sérstaklega á því að halda til dæmis vegna fötlunar sinnar.

7 Lokaorð

Það var við hæfi að hefja þessa ritgerð með tilvitnun í áherslur Gyðu Sigvalda-dóttur í leikskólastarfi, öryggiskennd barnsins og virðingu fyrir málinu. Hún hafði skemmtilega sýn á leik barna og hvernig það börn læra.

Það hefur verið áhugavert að fræðast og fjalla um tákni með tali svo og aðrar óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Málið er hverjum og einum einstakling mikilvægt í samskiptum og til þess að tengjast öðru fólki. Með tilkomu nýbúa á Íslandi hefur fjölmennig orðið meira áberandi í leikskólum og því hef ég leitt hugann að þeim í þessari ritgerð. Hvernig þeir aðlagast hjá okkur og hvort hægt sé að nýta TMT til að hjálpa þeim í nýju samfélagi. Í könnun sem ég gerði kemur fram að leikskólakennarar hafa almennt mikla trú á gagnsemi TMT en svo virðist sem illa gangi að viðhalda notkun á aðferðinni. Ég held að markvisst átak þurfi að gera til að kenna leikskólakennurum TMT. Leikskólastjórar og sérkennslustjórar gætu sett markvissa kennslu í notkun á TMT til dæmis á námskeiðs- eða starfsdegi og þannig kynnt hvernig vinna má með aðferðina.

Ég tel mikilvægt að TMT nái fótfestu í sem flestum leikskólum og að það takist að halda áfram notkuninni jafnvel þó að enginn virðist sérstaklega þurfa á því að halda. Ég benti á í upphafi, að almennt væri talið að TMT tjáskiptaleið væri talin góð leið til málörvunar fyrir öll börn og nú hef ég sýnt fram á að svo sé, en betur má ef duga skal, það þarf að verða vakning meðal leikskólafólks um markvissa kennslu TMT fyrir öll börn.

Heimildaskrá

Acredolo, Linda, Susan Goodwyn, Doug Abrams (2002)

Baby signs how to talk with your baby before your baby can talk. Contemporary Books. United States of America.

Menntamálaráðuneytið. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla (1999)*9,20

sótt 14.apríl 2008 <http://bella.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=3166>.

Arna H. Jónsdóttir (2004). Það þarf að hlúa að sálum. Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir, Ólafur H.Jóhannsson (ritstjórar). *Brautryðjendur í uppeldis- og menntamálum.* (bls 63). Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.

Álfheiður Steinþórsdóttir, Guðfinna Eydal (1995). *Barnasálfræði.*

Reykjavík:Mál og menning.

Björk Alfreðsdóttir, Sigrún Grendal (1998). *Tákn með tali.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Briant, Monta Z. (2004). *Baby Sign Language Basics – Early Communication for Hearing Babies and Toddlers.* Canada: Hay House, Inc.

Elsa Sigríður Jónsdóttir (2000). Tvítýngd leikskólabörn, *Uppeldi og menntun*, KHÍ (9),27

Elsa Sigríður Jónsdóttir (2002). Og ég líka, *Uppeldi og menntun*, KHÍ (11),22

Eyrún Gísladóttir (2001). Tákn með tali í víðara samhengi. *Talfræðingurinn* 15 (1),55

Eyrún Gísladóttir (2006). Tákn með tali og yngstu notendurnir. *Talfræðingurinn* 19(1),16-18

Guðrún Bjarnadóttir (1999).Leikur og nám í leikskóla *Athöfn, 1* (33-36).

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Fjölmenningarvefurinn* sótt 19.apríl 2008 af

<http://www.rvk.is/DesktopDefault.aspx/tabid-2712/>.

Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir (2008). *Fjölmennig í leikskóla.* sótt 9.apríl 2008. Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (1993).Að læra málið. *Sálfræðibókin.* Ritstjórar Hörður Þorgilsson og Jakob Smári,(bls. 28).Reykjavík. Mál og menning.

Hrafnhildur Sigurðardóttir (1996). Mál og málörvun. *Talfræðingurinn* 13 (1),8-9

Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins, sótt 19. apríl 2008.

<http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/form/namNam?>

Gyða Sigvaldadóttir.(1987). Hvað geta dagvistarheimilin gert til að örva málþroska og málskilning barna? Í Ólafur Halldórsson (sá um útgáfuna). *Móðurmálið - fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum* (Ráðstefnurit 1, bls. 39). Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga.

Iðavöllur, leikskóli,
<http://www.idavollur.akureyri.is> sótt 9.apríl 2008.

Johansson, I. 2000. Samræður um málþroska fyrir skólaskyldualdur. Annerén, G., I. Johansson, I. L. Kristiansson og Friðrik Sigurðsson. *Downs-heilkenni*. Þorleifur Hauksson þýddi úr sænsku. [Hafnarfj.], Þjæxi ehf.

Jóna G. Ingólfssdóttir (1999). Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, *Glæður 2.*,(9) 31-38.

Jóna G. Ingólfssdóttir (2000). *Þroskahömlun, Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir*, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Jóna G. Ingólfssdóttir, Vísindavefurinn.sótt 5.apríl 2008.

Kolbrún Vigfúsdóttir (2005). *Staða – Framfarir – Framhald. Þróunarverkefni unnið skólaárið 2003-2004*. Útgáfa handbókarinnar er styrkt af Vísindasjóði Félags leikskólakennara.

Reykjavíkurborg. (e.d.). *Snemmtæk íhlutun*. Sótt 9. apríl 2008.

[/www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/hverfi/laugardalur_haaleiti/greinar_og_erindi_/Snemmt_k_hlutun_M_laborg.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/hverfi/laugardalur_haaleiti/greinar_og_erindi_/Snemmt_k_hlutun_M_laborg.pdf).

Miranda,Pat,(2001) *Augmentative and alternative communication techniques* .

Paul H. Brookes, publishing co.Teaching Communication Skills to students with severe disabilities. Second edition.

Sigríður Sigurjónsdóttir (2001).Máltaka barna. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.): *Alfræði íslenskrar tungu* [Margmiðlunardiskur]. Lýðveldissjóður og Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Fylgiskjal

Spurningalisti fyrir leikskólakennara/sérkennslustjóra í leikskóla.

Mig langar til að kynna mér hvort leikskólar eru með „Tákn með tali“ í námskrá sinni. Hvort TMT sé notað að staðaldri eða einungis þegar barn þarf sérstaklega á því að halda. Ég er að skoða hvort tilfinning mín fyrir því sé rétt, að Tákn með tali sé aðeins virkt í þeim leikskólum þar sem börn með viðurkennda fötlun eru, á meðan þau dvelja í leikskólanum, en hætti síðan þegar barnið fer að tala og þarf ekki lengur á því að halda.

Könnunin er nafnlaus og ekki er ætlunin að reyna að rekja svörin

Alla Dóra Smith, leikskólakennari,

Hvað eru mörg börn í leikskólanum _____

Hefur þú kynnt þér Tákn með tali?	__ Já	__ Nei
Hefur þú notað það með börnum í leikskóla?	__ Já	__ Nei
Er TMT notað í leikskólanum þínum núna?	__ Já	__ Nei
Er barn í leikskólanum núna sem þarf á TMT að halda? Setjið fjöldann með:	v/fötlunar seinkaður málþroski	v/tví/fjöltyngis
Er TMT notað í leikskólanum með öllum börnum?	__ Já	__ Nei
Er TMT notað við allar daglegar athafnir?	__ Já	__ Nei

Ef Tákn með tali hefur áður verið í námskrá leikskólans og síðan verið hætt, hvers vegna hætti notkunin?

Var það vegna þess að barnið sem þurfti á því að halda hætti í leikskólanum?	__ Já	__ Nei
Var það vegna þess að þá gat barnið talað án tákna?	__ Já	__ Nei
Var það vegna þess að starfsmaðurinn sem hafði yfirumsjón með TMT hætti?	__ Já	__ Nei

Með kæru þakklæti fyrir hjálpina.